



Fundargerð

**40. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 21. maí 2025, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 301. fundar skipulagsnefndar UTU - 2505021

Lögð fram fundargerð 301. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 225. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1: Holtamannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m³. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Vegna umsagnar Náttúruverndarstofnunar bendir skipulagsnefnd UTU á að viðkomandi náma E8 telst hentugt efnistökusvæði þar sem efnid passar vel þeirri notkun sem um ræðir auk þess sem stutt er frá svæðinu að notkunarstað efnisins. Staðsetning svæðisins er jafnframt þess eðlis að unnt er að aka með efnid um fáfarnari veg en í byggð. Í breytingunni er efnistökusvæðið stækkað úr 1 ha í 2,3 ha. Í eldra ask Ásahrepps var svæðið skilgreint 13 ha og hefur því verið gert ráð fyrir efnistöku á umræddu svæði til margra ára. Í samræmi við texta greinargerðar að þá er svæðið og nágrenni þess þegar raskað. Áður hefur verið unnið efni af svæðinu, uppbyggður vegur er þar rétt hjá ásamt háspennulínu í rúmlega 1 km fjarlægð auk þess að á svæðinu er stífla, miðlunarlón og þurr farvegur Tungnaár. Í þessu ljósi sér nefndin ekki ástæðu til að skoða aðra valkosti fyrir efnistöku eða gera ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir umrædda breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati hreppsnefndarinnar hefur verið brugðist við umsögnum eins og við á innan framlagðrar bókunar og innan tillögu aðalskipulagsbreytingar. Hreppsnefnd Ásahrepps óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Mál nr. 2: Lindarbær 2 L176386; Íbúðarhús, gestahús og skemma-útihús; Deiliskipulag - 2501082.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Lindarbæjar 2 L176386 í Ásahreppi eftir auglýsingu. Jörðin hefur verið í eyði um árabil og engar byggingar eru á henni. Markmið eigenda jarðarinnar er að byggja íbúðarhús, útihús og gestahús, vera með fasta búsetu og nýta jörðina. Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, vera með landbúnaðarstarfsemi og mannvirki fyrir minniháttar ferðaþjónustu. Deiliskipulagið nær yfir 1 ha af jörðinni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna, fjallað er um breytingar eftir auglýsingu í kafla 7.1. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3: Þjóðholt (áður Kálfholt K 3a) L219274; Íbúðarhús, bilskúr og skemma; Deiliskipulag - 2504035.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Þjóðholts (áður Kálfholt K 3a) L219274 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindir eru byggingarreitir fyrir íbúðarhús og bílageymslu, skemmu og/eða hesthús og núverandi sumarhús. Hámarksbyggingarmagn verður 750 m². Að öðru leyti verður landið nýtt sem beittiland eins og verið hefur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Ísleifur Jónason vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 37: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-225 - 2504002F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-225.

2. Fundargerð 302. fundar skipulagsnefndar UTU - 2505035

Lögð fram fundargerð 302. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 226. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Mál nr. 1; Sigölduvirkjun L165348; Jarðstrengir, lágspenna og ljósleiðari; Framkvæmdarleyfi - 2505007.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Sigölduvirkjunar L165348 í Ásahreppi. Í framkvæmdinni felst lagning 132 kV jarðstrengja, ásamt lágspennulögnum og ljósleiðara frá tengivirkislóð Landsnets við Sigöldustöð og að endamastri um 300 m lagnaleið. Lagnaleiðin mun þvera Þjóðveg 208 (Fjallabaksleið nyrðri sem tengist Þjóðvegi 25 Sprengisandsleið).

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda gildandi deiliskipulags Sigölduvirkjunar og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Vatnsfellsvirkjun; Náma E59; Aðalskipulagsbreyting - 2505020.

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020 - 2032. Svæðið sem breytingin nær til er innan Holtamannafréttar L221893 en breytingin felur í sér skilgreiningu á nýrri námu, E59. Náman er innan eldra námusvæðis sem var nýtt á framkvæmdatíma Vatnsfellsvirkjunar (iðnaðarsvæði 17). Markmið breytingarinnar er að afmarka námusvæði með góðu efni til framkvæmda og í námunda við virkjunina. Um er að ræða bögglabergsnámu með grófu bögglabergi, sem ekki er að finna í næsta nágrenni við virkjunina, og er hugsuð til viðhalds á mannvirkjum. Efnismagn er allt að 1.500 m³ og flatarmál námusvæðis 0,5 ha. Að efnistöku lokinni verður gengið frá námunni og hún aðlöguð að umhverfi í kring. Áhrif af breytingunni eru metin óveruleg þar sem svæðið er nú þegar raskað, efnismagn er lítið og stutt frá efnistökusvæði að notkunarstað efnis.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-226 - 2505001F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-226.

3. Fundargerð 121. fundar stjórnar UTU - 2505019

Fundargerð hreppsnefndar Ásahrepps

249

Lögð fram fundargerð 121. fundar stjórnar UTU. Einnig lagður fram ársreikningur UTU fyrir rekstrarárið 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikning 2024 fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

Nanna Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

4. Fundargerð 244. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2505015

Lögð fram fundargerð 244. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025 og yfirliti yfir framlög sveitarfélaga árið 2025.

H-liður fyrsta dagskráraliðar þarfnast staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps sem lýtur að endurskoðun á fjárhagsáætlun eftirlitsins og hækkuðum framlögum aðildarsveitarfélaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða endurskoðaða fjárhagsáætlun eftirlitsins fyrir rekstrarárið 2025. Hækkun launakostnaðar veldur hækkur á framlagi Ásahrepps um kr. 74.245 fyrir árið 2025. Heildarframlög Ásahrepps verða því kr. 431.821 á árinu 2025. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðauka 2 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 þar sem framlög til eftirlitsins hækka um kr. 74.245 (bókhaldslykill: 0322 3381) og verður því mætt með að ganga á handbært fé.

5. Fundargerð 120. fundar stjórnar UTU - 2505018

Lögð fram fundargerð 120. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

6. Fundargerð 36. fundar stjórnar Odda bs. - 2505022

Lögð fram fundargerð 36. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 247. fundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2505017

Lögð fram fundargerð 247. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

8. Fundargerð stjórnarfundar Skógasafns, dags. 9. maí 2025 - 2505025

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns sem haldinn var 9. maí 2025.

Til kynningar.

9. Fundargerð aðalfundar Skógasafns, 6. maí 2025 - 2505026

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skógasafns, dags. 6. maí 2025. Jafnframt voru lagðar fram ársskýrsla fyrir árið 2024, endurskoðunarskýrsla og ársreikningur 2024.

Til kynningar.

10. Fundargerð 90. fundar Félags- og skóláþjónustu FSRV - 2505029

Lögð fram fundargerð 90. fundar Félags- og skóláþjónustu FSRV ásamt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjöþættan vanda, sbr. fyrsta dagskrárlið fundargerðar.

Til kynningar.

11. Fundargerð héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 15. apríl 2025 - 2505005

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Hótt", "Katr.", "L.S.", "HT", "EJ", and "L.S.".

Lögð fram fundargerð héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 15. apríl 2025.

Til kynningar.

12. Þinggerð 103. Héraðspings HSK ásamt ársskýrsla 2024 - 2505014

Lögð fram þinggerð 103. Héraðspings HSK ásamt ársskýrslu og þakkarbréfi til sveitarfélaga.

Til kynningar.

13. Fundargerð 333. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2505010

Lögð fram fundargerð 333. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt ársreikningi fyrir árið 2024.

Til kynningar.

14. Fundargerð 84. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2505023

Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar Bergrisans bs. ásamt árituðum ársreikningi fyrir rekstrarárið 2024.

Til kynningar.

15. Fundargerð 22. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2505033

Lögð fram fundargerð 22. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

16. Fundargerð 621. fundar stjórnar SASS - 2505012

Lögð fram fundargerð 621. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

17. Fundargerð 82. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2505006

Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

18. Fundargerð 83. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2505007

Lögð fram fundargerð 83. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

19. Fundargerð 976. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2505003

Lögð fram fundargerð 976. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

20. Fundargerð 977. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2505011

Lögð fram fundargerð 977. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 978. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2505016

Höft
KH.
HI *JJ* *MD.*

Lögð fram fundargerð 978. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Beiðni um lausn frá störfum í nefnd um útivistarstíga - 2505020

Lagt fram tölvuskeyti Jóns Sæmundssonar, dags 7. maí 2025, þar sem hann óskar eftir að verða leystur undan setu og skyldum vegna nefndar um útivistarstíga í Ásahreppi. Einnig lagt fram tölvuskeyti Nönnu Jónsdóttur, dags. 12. maí 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leysa Jón Sæmundsson undan störfum nefndarinnar. Jóni er þakkað fyrir hans framlag til vinnu nefndarinnar. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessa nefnd niður og færa verkefnið í nýjan farveg. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að halda vinnufund fljótlega til að taka ákvörðun um framhald þessarar vinnu.

23. Útivistarstígar í Ásahreppi - 2504018

Hreppsnefnd Ásahrepps frestaði afgreiðslu á verklagsreglum um styrki til lagningu útivistarstíga til næsta fundar, á 38. fundi sínum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að útfæra þessar verklagsreglur betur og verður það gert á vinnufundi hreppsnefndar sem haldinn verður mánudaginn 2. júní kl. 14:00 á skrifstofu Ásahrepps.

24. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku vegna nýs tengivirkis við Sigöldustöð - 2505036

Lögð er fram umsókn frá Landsneti er varðar framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E58 við aðrenslisskurð Sigöldustöðvar, gert er ráð fyrir að efnisnotkunin verði að hámarki um 3.000-4000 rúmmetra úr námunni, í samræmi við ákvæði samningsins. Efnið verður nýtt til að fylla undir og að undirstöðum nýs tengivirkishúss ásamt fyllingu í plön á lóð Landsnets við Sigöldu.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku allt að 4000 rúmmetra úr námu E58 á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem segir m.a. að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu framkvæmdaleyfis ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi, auk þess sem svæði er sérstaklega tilgreint sem efnistökusvæði sem einkum verður nýtt til framkvæmda við stækkun Sigöldustöðvar innan aðalskipulags Ásahrepps telur sveitarstjórn að fyrrgreindum skilyrðum skipulagslaga sé fullnægt og að ekki sé þörf á grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar.

Þegar hefur verið gerður samningur við Landsnet um efnistöku á þessu námusvæði og forsætisráðuneyti hefur samþykkt þann samning fyrir sitt leyti. Skipulagsfulltrúa UTU falin útgáfa framkvæmdaleyfis.

25. Ályktanir frá aðalfundi Garps til sveitarstjórna Rangárþing ytra og Ásahrepps - 2505037

Lagt fram bréf Íþróttafélagsins Garps, dags. 12. maí 2025, þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum sveitarfélaganna og skólastjórnendum á Laugalandi til að ræða aðbúnað, umgengni, mannhald m.m. er snýr að íþróttamiðstöðinni á Laugalandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að fundur verði haldinn til að fara yfir þau mál sem félagið bendir á.

26. Tillaga um breytingu á deiliskipulagi að Strönd, sorpstöðin - 2505008

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi sorpurðunarsvæðisins að Strönd í Rangárþingi

Handwritten notes and signatures in blue ink:
AOKH
K.H.
b I J J
K.L.

ytra.

Kynningartími er frá 22. apríl til 11. júní 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu að breytingu deiliskipulagsins.

27. Öryggisvöktun upplýsingakerfa sveitarfélaga, rammamningur - 2505013

Lögð fram kynning á rammamningi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gert við Syndis vegna öryggisvöktunar á upplýsingakerfum sveitarfélaga.

Lögð fram drög að samningi milli Ásahrepps og Syndis um öryggisvöktun á tölvu- og upplýsingakerfum Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Syndis á grundvelli þessa rammamnings um öryggisvöktun.

28. Styrkumsókn til að gera upp Austurleiðarrútu fyrir Skógasafn - 2505027

Lagt fram tölvuskeyti formanns Austurleiðarnefndar Rótarýklúbbs Rangæinga, dags. 29. apríl 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 180.000 til uppgerðar á fyrstu rútu Austurleiðar og gera að safngrip á Skógasafni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

29. Áform um lagabreytingar á sviði sveitarstjórnarmála kynnt í samráðgátt - 2505032

Lagt fram tölvuskeyti innviðaráðuneytis, dags. 14. maí 2025, þar sem innviðaráðuneytið veur athygli á því að áform um lagabreytingar sem innviðaráðherra hyggst leggja fram á næsta haustþingi hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja) og hins vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (endurskoðun sveitarstjórnarlaga).

Frestur til að veita umsögn um áformin er til 9. júní nk.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna umsögn um framlögð áform í samvinnu við Guðjón Bragason lögmann.

30. Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 - 2505002

Lögð fram umhverfismatsskýrsla vegna kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034. Kynningartími er frá 9. apríl til 31. maí 2025. Einnig lögð fram drög að langtíma kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 ásamt framkvæmdaáætlun 2026-2028.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða áætlun.

31. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 30. apríl 2025.

Til kynningar.

32. Minnisblað vegna úttekta á vegum í Ásahreppi, 23. apríl 2025 - 2505034

Lagt fram minnisblað oddvita og sveitarstjóra í kjölfar úttekta sem þeir gerðu á ástandi vega í Ásahreppi.

Til kynningar.

33. Ársreikningur Íþróttafélagsins Garps 2024 - 2505031

Lagður fram ársreikningur Íþróttafélagsins Garps fyrir árið 2024 ásamt ársskýrslu 2024.

Til kynningar.

34. Skýrslur og ársreikningur 2024 frá Hestamannafélaginu Geysi - 2505004

Lögð fram ársskýrsla Hestamannafélagsins Geysis 2024 ásamt skýrslu æskulýðsnefndar Geysis og ársreikningi 2024.

Til kynningar.

35. Drög að Sóknaráætlun Suðurlands hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda - 2505038

Lögð fram drög að Sóknaráætlun Suðurlands, en þau hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda og er umsagnarfrestur til 28. maí 2025. Einnig lagt fram tölvuskeyti frá SASS um sama efni, dags. 15. maí 2025.

Til kynningar.

36. Fræðsluefni um skaðsemi vindorkuvera á Íslandi - 2505009

Lagt fram opið bréf til sveitarstjórna, dags. 22. apríl 2025, sem er hugsað sem fræðsluefni um skaðsemi vindorkuvera á Íslandi. Bréfritarar eru Jóna A. Imsland, Anna Sofía Kristjánsdóttir og Hákon Jóhannesson.

Til kynningar.

37. Afrit af bréfi SSK til Héraðsnefndar Rangæinga - 2505024

Lagt fram afrit af bréfi Sambands sunnlenskra kvenna til Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 6. maí 2025.

Til kynningar.

38. Starfsleyfis skylda vegna jarðborana - 2505028

Lagt fram tölvuskeyti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 12. maí 2025, þar sem verið er að benda á að jarðboranir eru starfsleyfis skyld starfsemi. Einnig lögð fram lagalegt álit um starfsleyfi fyrir jarðboranir og túlkun á starfsleyfis skyldu við rannsóknarboranir.

Til kynningar.

39. Héraðsvegur að Fákshólum tekinn inn á vegaskrá - 2505030

Lagt fram tölvuskeyti Vegagerðarinnar, dags. 14. maí 2025, þar sem tilkynnt er að héraðsvegurinn að Fákshólum hefur verið tekinn inn á vegaskrá. Jafnframt er lagt fram afrit af bréfi dagsettu, 13. maí 2025.

Til kynningar.

40. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 18. júní 2025 á skrifstofu Ásahrepps. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBT", "KTH", and "UW".

Fundi slitið kl. 10:40.

Ísleifur Jónsson

Ísleifur Jónsson

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson